

**Eftirlitsmælingar í Kröflu vorið 1995**

**Ásgrímur Guðmundsson**

**Greinargerð ÁsG-95-03**

## Eftirlitsmælingar í Kröflu vorið 1995

Undanfarin ár hefur eftirlitsmælingum verið þannig háttað, að hiti og þrýstingur hefur verið mældur í völdum holum skömmu áður en virkjunin hefur verið gangsett að hausti. Það er ágæt aðferð til eftirlits með breytingum milli ára. Rekstrarfyrirkomulag Kröflustöðvar hefur verið með þeim hætti að virkjunin hefur verið keyrð frá hausti fram að vori, en verið í hvíld yfir sumartímann. Sumarhviðin kom til vegna ofgnóttar rafmagns en ekki vegna þarfa virkjunarinnar til að hvíla jarðhitasvæðin. Á fyrri hluta síðasta áratugar var mælt bæði að vori, skömmu eftir að rekstur var stöðvaður, og að hausti, skömmu áður en nýtt rekstrartímabil hófst. Í millitíðinni var öllum holum lokað sem hægt var að loka. Mælingar að vori sýna hversu nærri jarðhitageyminum vetrarvinnslan gekk, en samanburður á vor- og haustmælingum sýna hvað svæðið er fljótt að byggja upp þrýsting á lokunartímanum og gefa þá um leið veigamiklar upplýsingar um ástandið í jarðhitageyminum. Á seinni árum hafa mælingar verið grisjaðar og fyrirkomulagi breytt. Í stað vormælinga var látið nægja að mæla vatnsborð í tiltækum mælingaholum. Valdar voru sérstakar holur til mælinga á haustin, 1 - 2 á hverju borsvæði. Auk þess voru mældar aðrar holur ef ástæða þótti til. Þetta fyrirkomulag er gott eins langt og það nær. Nokkuð er síðan að vormælingar voru gerðar og er það tillaga Orkustofnunar að framkvæma þær nú í ár. Hægt er fella það saman við mælingar á holu KJ-9, sem ákveðið hefur verið að gera áður en að hreinsun hennar kemur í sumar. Tillögur að vormælingum er sem hér segir:


### Tillaga að eftirlitsmælingum í borholum í Kröflu vorið 1995

	Daggjald	Metrar	Kr./m	Hitamæl.	Þrýstimæl.	Körfumæl.	Fjöldi	Samtals
Mælingabíll	15.502						4	62.008
Hola KJ-9		1.200	34	40.800	40.800	4.658	3	95.574
Hola KJ-6		1.200	34	40.800	40.800			81.600
Hola KJ-16		1.900	34	64.600	64.600			129.200
Hola KJ-21		1.000	34	34.000	34.000			68.000
Tveir menn	67.344						4	269.376
<b>Samtals:</b>		<b>5.300</b>		<b>180.200</b>	<b>180.200</b>			<b>705.758</b>

Verðlag miðast við gildandi gjaldskrá OS í maí 1995  
Allar tölur eru án VSK

Eins og fram kemur í töflunni eru helstu mælingaholur Kröflustöðvar tilnefndar ásamt holu KJ-9. Ekki er brýnt að hita- og þrýstimæla holu KJ-9 eins og lagt er til hér að ofan, en það hefur þótt góður siður að skoða holur eins vel og hægt er, ef á annað borð er nauðsynlegt að líta á þær.

Reykjavík 27. apríl 1995

  
Ásgrímur Guðmundsson  
Verkefnisstjóri